

**Reglur um skuggakosningar í tengslum við Alþingiskosningar 29.október 2016
Kosningar ungmenna 13 til 18 ára í Fjarðabyggð**

1. gr.

Kosningaréttur og kjörgengi

Kosningarétt hafa öll ungmenni í Fjarðabyggð sem eru fædd á tímabilinu 30.október 1998 – 31.desember 2003 og ekki hafa heimild til að kjósa í almennum kosningum til Alþingis. Ofangreindir kjósendur skulu eiga lögheimili í Fjarðabyggð.

2. gr.

Kjörstjórnir og undirbúningur kosninga

Yfirkjörstjórn Fjarðabyggðar hefur yfirumsjón með framkvæmd kosninganna. Ungmennaráð Fjarðabyggðar skipar kjörstjórn sem sér um framkvæmd kosninganna á kjördag í samráði við kjörstjórn sveitarfélagsins.

3. gr.

Kjördeildir

Kjördeildir eru í Neskaupstað, Eskifirði, Reyðarfirði, Fáskrúðsfirði og Stöðvarfirði. Póstkosning verður í Mjóafirði.

4. gr.

Kjörskrá

Fjarðabyggð útbýr sérstaka kjörskrá fyrir kosninguna á grundvelli gagna þjóðskrár og íbúasýnar sveitarfélagsins. Á kjörskrá skal taka þá sem uppfylla skilyrði 1. gr. og skráðir voru með lögheimili í sveitarfélaginu samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár tveim vikum fyrir kjördag. Ungmennaráð skal staðfesta kjörskrá.

5.gr.

Kjörstjórn ungmennaráðs og undirbúningur kosninga

Ungmennaráð Fjarðabyggðar skipar kjörstjórn. Starfsmaður ungmennaráðs skal sjá um að skrá fundargerð um allar gjörðir kjörstjórnar. Kjörstjórn ungmennaráðs er undir yfirkjörstjórn sveitarfélagsins og skal fara eftir þeim reglum sem viðhafðar eru á kjörstað. Yfirkjörstjórn sveitarfélagsins úrskurðar um ágreiningsmál á kjörstað.

6. gr.

Kjörgögn

Yfirkjörstjórn sveitarfélagsins, í samráði við kjörstjórn ungmennaráðs, ákveður útlit kjörseðils. Kjörseðill skal ekki vera í sama lit og hinn almenni kjörseðill til Alþingiskosninga 2016. Á kjörseðli skulu nöfn allra flokka vera rituð á sama hátt og á almennum kjörseðli Alþingiskosninganna 2016.

7. gr.
Úrslit kosninga

Talning atkvæða fer fram á bæjarskrifstofum Fjarðabyggðar fimmtudaginn 3. nóvember 2016. Úrslit kosninga ungmenna í Fjarðabyggð eru ekki gildandi heldur er einungis um tilraun að ræða. Birting úrslita verður á heimasíðu Fjarðabyggðar.

Samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 27. október 2016



Páll Björgvin Guðmundsson
Bæjarskipti
bæjarstjórn